

fallin kúgildi staðarins, og til óumflýjanlegra húsabóta, og hafið þjer eindregið lagt það **49**
til, að beiðni þessi verði tekin til greina. 31. marz

Þar sem jeg að öllu athuguðu hlýft að vera yður samdóma um, að brýn nauðsyn beri til að leggja fram hina umbednu upphæð til þess að prestssetrið að Hvammi geti átt nokkurrar uppreisnarvon úr þeirri miklu niðurníðslu, sem það hefur verið í eptir burtför sjera Magnúsar Jósepsonar frá braudinu, þá vil jeg hjermeð veita 500 kr., sem eptir eru óeyddar af fje því, sem veitt er fyrir árið 1889 með fjárlaganna 13. gr. A b 2, sem aukauppbót handa Hvammsprestakalli í eitt skipti fyrir öll, til þess að fyrir þessa upphæð verði keypt fimm kúgildi til prestssetursins, og afganginum varið til bráðnauðsynlegra viðgerða á bæjarhúsum, þó með því skilyrði, að fje þetta, sem jeg hjermeð sendi yður jarðabókarsjóðsávisun fyrir, verði sent hlutadeigandi prófasti, og honum falið að annast kaupin á kúgildunum og hafa eptirlit með, að unnar sjeu hinar nauðsynlegustu viðgjördir, og ber honum síðan að senda sundurlíðaðan reikning með fylgiskjölum viðvíkjandi notkun fjárens.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um **50**
sjerstakt manntalsþing í Bessastaðahreppi. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amt- 31. marz
maður, viðvíkjandi beiðni hreppsnefndarinnar í Bessastaðahreppi í brjefi dags. 25. nóv.
þ. á., um að tjeður hreppur verði gjörður að sjerstakri manntalsþinghá veiti jeg hjermeð samþykki mitt til þess, að Bessastaðahreppur í Gullbringu- og Kjósarsýslu verði manntalsþinghá fyrir sig með þingstað að Bjarnastöðum, og er hreppsnefndin skyld til að sjá um, að ávallt sje hæfilegt húsrúm á þingstaðnum til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigandi sýslumanni.

Brjef landshöfðingja til stjórnar landsbankans í Reykjavík um breytingar á **51**
reglugjörð landsbankans 5. júní 1886. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. f. m., hefur 1. apríl
bankastjórnin eptir áskorun minni sent mjer ummæli sín og tillögur viðvíkjandi þingsályktun um landsbankann í Reykjavík, samþykktri af neðri deild alþingis 10. ágústm. f. á., þar sem skorað er á landshöfðingja að hlutast til um ýmsar framkvæmdir af hálfu bankastjórnarinnar, og um ýmsar breytingar á reglugjörð bankans 5. júní 1886¹, og

1) Þingsályktunin er svo hljóðandí:

Neðri deild alþingis skorar á landshöfðingja að hlutast til um:

- I. að bankinn komist sem allra fyrst í viðskiptasamband við banka erlendis, einkum í Danmörku og Skotlandi.
- II. að bankinn samkvæmt 9. gr. bankalaganna stofni sem allra fyrst útibú.
- III. að þær breytingar, sem nú segir, verði gjörðar á reglugjörð landsbankans 5. júní 1886, og viðauka við hana 10. marz 1887:
 1. við 13. gr. að burt verði fellt ákvæði um að sjálfsábyrgðarmenn sjeu búsettir í Reykjavík eða þar í grennd.
 2. að 17. gr. falli burt.
 3. við 22. gr. að fyrir fram greiddir vextir verði endurgoldnir þeim, sem borga skuld sína fyrir gjalddaga,